

borið undir Hans Hátign korunginn, að innanríkisstjórnin megi í 1854. umböði konungs löggilda þau hin íslenzku leiðarbrjef, sem um er 4. desemb. getið í 5. grein tjeðra laga, og hefur Hans Hátign allramildilegast þóknazt að fallast á þessa uppástungu og einnig, að leiðarbrjef þessi skuli vera svo látandi, sem greinir í formi því, sem fest er við auglýsning þessa. Þeir, sem vilja fá íslenzkt leiðarbrjef, skulu beiða þess brjeflega eitthvert af yfirvöldum þeim, sem nefnd eru í 5. grein í lögunum 15. apríl 1854, en viki þeir bón sinni til innanríkisstjórnarinnar, skal rita bónarbrjefið á stimplaðan pappír, 4. flokk Nr. 4; með brjefi þessu skal fylgja skýrsla frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum skipsins, um nafn skipsins, heimili þess og stærð og einnig um nafn skipstjóra, eins og krafzt er í 4. gr. laganna 15. apr. 1854, og skal skýrsla þessi vera staðfest, eins og fyrir er mælt í hinni 4. grein, sem þegar var nefnd.

#### 24. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norð- 11. desemb. ur- og austurumdæminu, um hvarf nokkurra íslenzkra fiskimanna.

Vorið 1852 kom sá kvittur fyrir sýslumanninn í Eyjafirði, að árinu áður hefði orðið vart við nokkra háseta Snorra Flóventsonar, er hvarf við 10. mann vorið 1842; hefðu Flandrarar tekið þá, og farið með þá í Flandur og væru þeir nú hafðir til fiskiveiða undir Íslandi. Rannsakandi sýslumaður málið, og sendi síðan amtmaður það til stjórnarinnar, og beiddist að hún hlutadist til, að grenzlazt yrði eptir mönnum þessum. Stjórnin skrifaði síðan erindisrekum sínum í útlöndum til, og bað þá að fá málið rannsakað, einkum með því að láta gjöra skrá um alla þá menn, er verið höfðu það ár á skipum þeim, er nefnd voru í vitnisburði þeirra manna, er þóttust hafa sjeð þessa Íslendinga, skrifa þar nöfn þeirra, fæðingarstað, foreldra o. s. frv. Stjórnin hefur nú fengið nákvæma skrá um þá, sem voru á skipunum *St. Michel* og *Eleonore* 1851, og sjest af henni, að enginn Íslendingur hefur þá verið á þessum skipum.